




Stórt í sniðum: Myndin er um það bil 2x4 metrar og höfundar hennar sameiginlega eru Helgi Þorgils Friðjónsson og Kristinn G. Harðarson.



Málverk eftir Kjartan Ólafsson.

UNGA KYNSLÓÐIN Í MYNDLISTINNI:

Málverkið hefur fengið uppreisn æru

Brot úr listasögunni

Síðastliðnir áratugir hafa eflaust verið þeir fjölbreytilegustu í listasögunni. Ótal stíltegundir og tjáningarmöguleikar hafa legið samhliða á listmarkaðnum og listamenn hafa aldrei áður unnið út frá jafn ólíkum forsendum. Þannig getum við séð listamenn sem vinna með hug-

tök eins og geometríska og ljóðræna abstraktion og aðra sem reyna að fram- lengja þær hugmyndir sem poplistin kom fram með í lok 6. áratugsins. En áttundi áratugurinn hefur þó kannski verið einna frjósamastur og við getum auðveldlega talað um stílsprengingu, einskonar margföldun á stílfræðilegum hugmyndum, sem al-

sið hafa af sér tjáningarform eins og Hyperrealisma, Happening, Minimal art, Body art, Land art, Concept art, Copy art, Arte povera, Performance og auðvitað nú síðast Nýja málverkið. Fjöldi listfræðinga hafa velt fyrir sér þessari stílfjölgun á síðastliðnum áratug og margar frumlegar skýringar hafa komist á prent. En

margföldun þegar listin með stóru L-i var orðin megin inntak sköpunarinnar. Þá eru einnig margir sem vilja meina að hið borgaralega hugtak „nýjung“ sem fram kom í núverandi merkingu á 18. öld hafi aldrei verið jafn yfirþyrmandi og einmitt nú. Listin á þessari öld ein-kennist af „listuppfíningum“ og þeirri kröfu að

utan Bandaríkin bar fyrst á Conceptlistinni í Bretlandi hjá listhópnum Art and Language sem saman stendur af listamönnum Atkinsson, Hurrell, Brainbridge og Baldwin. Þá er einnig oft minnst á On Kawara, þegar rætt er um upphaf Conceptlistar. Þessi liststefna átti síðan eftir að flæða yfir listheiminn og segja má að Conceptlistin hafi sett hvað mestan svip á alla listframleiðslu í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum á fyrri hluta áttunda áratugsins. Með nokkurri einföldun er jafnan sagt að Conceptlistin hafi komið fram sem andsvar og gagnrýni á formrænt og fagurfræðlegt gildi Minimalistarinnar. Þá gerðu Conceptlistamennirnir allt til að draga úr almætti hlutarins eins og við þekkjum hann í Poplistinni. Hugmyndalega vísar Conceptistinn mikið í Marchel Duchamp og leggur ríka áherslu á inntakslega merkingu listverksins. Listamaðurinn vill sundurgreina í verkum sínum hlutverk

Grein eftir Gunnar B. Kvaran listfræðing í tilefni sýningar ungra myndlistarmanna sem hefst á Kjarvalsstöðum í dag.

flestir virðast þó sammála um eitt að þetta nútíma listævintýri hafi byrjað með fyrstu abstraktmálarunum, kúbistunum og hinum stórkostlega listamanni og hugsuði Marchel Duchamp. En frá og með þeim tíma hættir málverkið að vera einföld frásögn og listamennirnir taka þess í stað til við að rýna í sjálft listhugtakið og velja sé enn einu sinni upp úr eilífðarspurningum eins og hvað sé list? Hvað sé listaverk? Hvert sé hlutverk listamannsins og frv. Það er því kannski edlilegt að það hafi átt sér stað stílfræðileg

listamaðurinn eigi að vera sem frumlegastur í sinni listsköpun.


Ríkjandi Concept

En þótt listsköpunin hafi aldrei verið fjölskrúðugri en nú á tímum er ljóst að einstaka liststefnur og tjáningarform hafa ávallt verið meira áberandi á hverjum tíma en önnur. Í byrjun áttunda áratugsins var Conceptlistin allsráðandi. Þetta var (og er) listhreyfing sem kom fram á sjónarsviðið í New York árið 1967 með listamönnum eins og Robert Barry, Lawrence Weiner, Douglas Heubler, Joseph Kosuth og hugmyndafræðingnum Sieth Sieglau. Fyrir

og innra gangverk listarinnar. Og til að sundurgreiningin megi verða sem skýrust hafa listamenn Art and Language-hópsins og einnig listamenn eins og Kosuth og Bernar Venet stuðst við málvísinda- og stærðfræðilegar sundurgreiningaraðferðir.

Nýtt málverk

Um miðjan áttunda áratuginn kom enn ein stíltegundin fram í sviðsljósið, nánast samtímis í Þýskalandi, Ítalíu og Bandaríkjunum og nefnd hefur verið „Nýja málverkið“. Hér var um að ræða unga listamenn sem tóku aftur upp hefðbundin efni: Léreft, pensla og liti. Segja má að þetta nýja málverk hafi verið



„Maður og borð“ Ólíumálverk eftir Helga Þorgils Friðjónsson.